

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 11/2002**

**frá 1. mars 2002**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2001 frá 11. desember 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1566/2000 frá 18. júlí 2000 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 94/92 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2001 frá 2. mars 2001 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 65, 7.3.2002, bls. 26 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 13, 7.3.2002, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 19.7.2000, bls. 17.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 63, 3.3.2001, bls. 16.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32000 R 1566:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1566/2000 frá 18. júlí 2000 (Stjtíð. EB L 180, 19.7.2000, bls. 17),
- **32001 R 0436:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2001 frá 2. mars 2001 (Stjtíð. EB L 63, 3.3.2001, bls. 16).“

*2. gr.*

Texti reglugerða (EB) nr. 1566/2000 og 436/2001 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 2. mars 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 1. mars 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes      M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

